

## **Fundargerð**

25. fundur samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 3. júní 2011 kl. 13:30 að Borgartúni 12 – 14.

Mættir:

**Kópavogsbær:**

Guðný Dóra Gestdóttir og Birgir H. Sigurðsson

**Hafnarfjarðarbær:**

Sigríður Björk Jónsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir

**Garðabær:**

Steinþór Einarsson

**Mosfellsbær:**

Bryndís Haraldsdóttir

**Seltjarnarnesbær:**

Ólafur Egilsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

**Sveitarfélagið Álftanes:**

Kristinn Guðlaugsson

**Kjósarhreppur:**

G. Oddur Viðisson og Sigurbjörn Hjaltason

Ennfremur sátu fundinn Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH og Haraldur Sigursson verkefnisstjóri á skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar.

Varaformaður, Sigríður Björk Jónsdóttir stýrði fundi í forföllum formanns.

1. **Erindi Reykjavíkurborgar; „Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Breytingartillögur vegna endurskoðunar aðalskipulags Reykjavíkur. verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats**

Haraldur Sigurðsson fór yfir og gerði grein fyrir meginþáttum máls.

**Umræður**

**Niðurstaða:**

*“Lýsing á skipulagsgerð og umhverfismati samþykkt til kynningar og umsagnar, sbr. 1. mgr.23. gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana.”*

2. **Starf svæðisskipulagsnefndar – mótun nýrra starfsreglna o.fl.**

Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH gerði grein fyrir starfi framtíðarhóps SSH og skipun sérstaks rýnihóps sem ætlað er að meta reynslu af samstarfi sveitarfélaganna við mótun og viðhald svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og móta tillögur um framtíðarfyrirkomulag samstarfsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30

Fundargerð ritaði Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH.